

af hendi stefnda kom þar Bogi Brynjólfsson yfirréttar-  
málaflutningsmaður og krafðist ómaksbóta fyrir að mæta  
árangurslaust í málinu. Þessa kröfu ber samkvæmt NL.  
1—4—34 að taka til greina og ákveðast ómaksbæturnar  
6 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandinn, Lyder Höyðal greiði stefnda, Jóni  
Laxdal fyrir hönd Jakobs Gunnlaugssonar 6 krónur  
í ómaksbætur áður en 8 vikur séu liðnar frá löglegri  
birtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 15/1914

Réttvísinn

gegn

Árna Fr. Jónssyni

og Kristjönu Guðmundsdóttur.

Úrskurður.

Áður en dómur er lagður á mál þetta þykir nauð-  
synlegt að leita með réttarrannsókn frekari upplýsinga um  
atriði þau, er nú skal greina;

1. Fá skýrslu ákærðu um það, hvenær henni hug-  
kvæmdist fyrst að deyða barnið, sbr. framburð hennar  
um, að hún hafi ekki áður (en hún tók jóðsóttina)  
hugað neitt verulega um hann 3: verknaðinn, hvort hún  
hafi strax eftir fæðinguna reynt að klippa sundur nafla-

strenginn eða nokkur tími liðið á milli, hvort barnið hafi hreyfst eða kipst við, þegar hún beitti skærunum á það, hvort barnið hafi legið þannig milli rúmfatanna, að það hafi getað kafnað, og hvort ákærða hafi gert nokkuð til þess, að það léti lífið með þeim hætti.

2. Fá skýrslu móður ákærðu, Elínar Jónsdóttur, um alt það er fyrir hana bar, þegar hún kom að rúmi ákærðu morguninn eftir fæðingu barnsins, sérstaklega hvar og hvernig barnið hafi legið milli rúmfatanna, hvort ákærða hafi verið vakandi, hvort þær hafi talast við, og hver orð hafi farið milli þeirra.

3. Að yfirheyra annað fólk, sem var í baðstofunni í Furufirði, nóttina sem ákærða ól barnið, sérstaklega Salome systur ákærðu, sem svaf hjá henni, um hvers það hafi orðið vart um athæfi hennar þá nótt.

4. Að fá skýrslu Ragnheiðar Jónsdóttur yfirsetukonu um það, hvort hún hafi talað við ákærðu um meðferðina (áverkana) á barninu og, ef svo er, hvað ákærða hafi sagt um það.

5. Að fá skýrslu heimilisfólks í Furufirði um skærin, er ákærða notaði, hver hafi átt þau, og hvernig á því stóð, að þau lágu á borði hjá henni áminsta nótt.

Ennfremur ber að útvega giftingarvottorð ákærða Árna Fr. Jónssonar og Elínar Jónsdóttur og framhalds-skýrslu héraðslæknis um það, hvort hann hafi séð þess nokkur merki við líkskurðinn á barninu, að það hafi dáðið köfnunardauða.

Ber rannsóknardómaranum að útvega skýrslur þessar og þær aðrar upplýsingar, er framhaldsprófin kunna að gefa tilefni til að leita.

## Því úrskurðast:

Undirdómaranum ber að útvega framangreinda skýrslu svo fljótt sem verða má.

Nr. 7/1914

Ari Þórðarson

gegn

Sigríði Rósu Þorlákssdóttur.

## Dómur:

Mál þetta, sem er barnfaðernismál, var höfðað af hálfu hinnar stefndu Sigríðar Rósu Þorlákssdóttur fyrir lögreglurétti Reykjavíkur gegn áfrýjanda Ara Þórðarsyni, til þess hann yrði dæmdur til að greiða meðlag eftir úrskurði yfirvaldsins með barninu Svövu, er hún ól 7. marz f. á., en hann hafði synjað fyrir faðernið, og var málið dæmt í téðum rétti 24. des. f. á. á þá leið, að svo framarlega sem kærandinn, Sigríður Rósa Þorlákssdóttir eftir löglegan undirbúning vinnur eið að því á varnarþingi sínu, að kærður Ari Þórðarson hafi haft holdlegt samræði við hana 8. júní 1912, skal hann greiða meðlag eftir úrskurði yfirvaldsins með barni því, Svövu, er kærandi ól 7. marz 1913, svo greiði kærður þá og kostnað málsins með 20 kr. En treystist kærandi eigi til að vinna eiðinn, þá á kærður að vera sykn af kröfum hennar í þessu máli og málskostnaður að falla niður.

Dómi þessum hefir Ari Þórðarson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 13. febr. þ. á. og gerir þær réttar-